

## Guðmundur Runólfsson heiðursborgari Gert á níráðisafmæli hans 9. okt. 2010

Guðmundur Runólfsson er einn af frumkvöðlum Grundarfjarðar og ævistarf hans er samofið uppbyggingu byggðarinnar. Þess vegna gerir bæjarstjórn það sameiginlega að tillögu sinni að hann verði gerður að heiðursborgara Grundarfjarðar.

Áður hafa tveir einstaklingar verið gerðir að heiðursborgurum, Kristján Þorleifsson sem hér var hreppsstjóri um langt skeið og Bæring Cecilsson, ljósmyndari og vélstjóri.

Guðmundur Runólfsson er fæddur í hjáleigunni Stekkjartröð í Eyrarsveit. Foreldrar hans voru Runólfur Jónatansson oddviti á Spjör og Sesselja Gísladóttir. Árs gamall flutti hann með foreldrum sínum í Grafarnes þar sem þau hófu búskap. Fyrst í stað bjuggu þau í Neshúsum sem var fyrsta húsið sem reist var í Grafarnesi. Þau byggðu sér síðan bæ sem fékk nafnið Götuhús og þar ólst Guðmundur upp. Oft var þröngt í búi, en á heimili oddvitans í Götuhúsi var lagt var á ráðin um marga hluti, stofnun frystihúss, slysavarnadeildar og margt fleira og sonurinn ólst upp í þessari hringiðu atburðanna.

Sem ungur maður hafði Guðmundur ákveðið að verða bóndi, en hugur hans snerist frá því og hann fór á sjó. Þar með var lífsstarfið ráðið og sjómaðurinn varð umsvifamikill útgerðarmaður og vinnuveitandi.

Fyrst kynntist Guðmundur raunverulegri sjósókn þegar hann 9 ára gamall fór með föður sínum á skakskútu frá Stykkishólmi. Þarna upplifði hann lokin á skútuöldinni og síðan tók vélbátaöldin við. Útgerðarsaga Guðmundar hófst árið 1947, þegar útgerðarfélagið Runólfur hf. var stofnað utan um rektur trébáts, Runólfs SH-135 þar sem Guðmundur var skipstjóri til ársins 1955. Eftir að hann hafði verið skipstjóri á Hring frá Siglufirði um tíma, kom nýr Runólfur árið 1960, 115 brúttólesta stálbátur. Um 1970 voru skuttogarar að koma til sögunnar víða um land og árið 1975 kom hingað skuttogarinn Runólfur SH-135. Þetta var fyrsti skuttogarinn við Breiðafjörð, smíðaður í Stálvík í Hafnarfirði. Þetta var að sögn Guðmundar sjálfs, stærsta stundin í hans eigin útgerðarsögu og skref sem líka skipti miklu máli fyrir byggðarlagið. Árið 1974 var svo Guðmundur Runólfsson hf. stofnað sem í dag gerir út togarana Hring SH 535 og Helga SH 135 og rekur einnig netaverkstæði og fiskvinnslu.

Guðmundur var ekki alltaf einn að verki. Þegar hann var að hefja útgerð tóku fleiri frumkvöðlar þátt í því með honum að láta smíða báta og á síðari árum í þessari ríflega 60 ára sögu útgerðarinnar hafa börn Guðmundar tekið við rekstrinum. Kona Guðmundar var Ingibjörg Kristjánsdóttir og áttu þau 9 börn, en eitt andaðist í frumbersku.

Guðmundur hefur á langri ævi komið víða við í félagsmálum Grundarfjarðar. Hann sat í hreppsnefnd Eyrarsveitar frá 1966 – 1970 og það er gaman að nefna að hann tók fyrstu skóflustunguna að því húsi sem við nú erum í, Samkomuhúsi Grundarfjarðar.

Á barnsaldri varð Guðmundur vitni að því hvernig þorp verður til. Hvernig einstaklingar sem ekkert áttu nema kjark og þor ruddu í framkvæmd draumnum um sterkt og dugmikið byggðarlag þar sem frjálst fólk gæti lifað við mannsæmandi aðstæður. Það er ekki til annar sá íbúi Grundarfjarðar, sem hefur lifað sögu þessa byggðarlags eins og hann. Sem hefur séð höfnina þróast og verða ein umsvifamesta og glæsilegasta höfn landsins. Sem hefur átt stóran þátt í að snúa hjólum atvinnulífsins. Sem hefur séð bæinn byggjast frá fyrstu húsum til dagsins í dag.

Það er við hæfi að ljúka þessum orðum á tilvitnun í viðtal við Guðmund sem tekið var af Ásgeiri Guðmundssyni, ritara sögu Eyrarsveitar árið 1985. Þar segir Guðmundur: „...ég man eftir allri þessari uppbyggingu og hef tekið líka talsverðan þátt í henni. Ég verð að segja að hún hefur verið og er mjög ánægjuleg og er gaman að taka þátt í svona örri, mikilli og frjósamri uppbyggingu. Hér hafa skiptst á skin og skúrir, en það gleðilegasta af þessu öllu saman er það, að harðgerðasta og dugmesta fólk stendur þetta af sér, þannig að ég hef trú mikla á þessu kjarnafólki, sem kemur til með að standa af sér smá hretin og smá krepputímabilin.“